



# Landsmennt

## Styrkir til fyrirtækja með eigin fræðslu/innanhúsfræðslu.

Í flestum eða öllum tilvikum er um að ræða sérhæfða fræðslu sem ekki er hægt að kaupa frá öðrum fræðsluaðilum.

Heimilt er að styrkja eigin fræðslu fyrirtækja (innanhúsfræðslu) þar sem leiðbeinendur/kennarar eru jafnframt starfsmenn viðkomandi fyrirtækis. Reglurnar fela í sér að heimilt er að veita styrki samkvæmt tilteknum verklagsreglum og eru þeir ætíð háðir samþykki stjórnar.

1. Gerður er sérstakur samningur við fyrirtækið um styrkveitingarnar og hann borinn undir stjórn Landsmenntar til samþykktar. Styrkur miðast eingöngu við þá starfsmenn (nemendur) fyrirtækjanna sem eru félagsmenn stéttarfélaga sem aðild eiga að sjóðnum. Styrkur greiðist að jafnaði út að loknu fræðslutímabili sem tilgreint er í samningi. Samningur er gerður fyrirfram (áður en fræðsla hefst).
2. Styrkur miðast við hverja kennda klukkustund starfstengds námskeiðs, hámark 7.500 kr. pr. námskeiðsklukkustund. Inni í því verði er þóknun fyrir undirbúning.
3. Hámark styrkveitinga sjóðsins til fræðslu af þessu tagi er 12.000 kr. pr. almanaksár og félagsmann og er endurskoðuð 1. janúar ár hvert. Landsmennt getur gert undanþágu frá þessu ákvæði ef starfsmenn fyrirtækis eru færri en 30, í allt að 15.000 kr. pr. ár og félagsmann. Upphæð er tilgreind í samningi við fyrirtækið.
4. Ekki eru styrktar námskeiðsstundir sem hafa færri en 5 námsmenn.
5. Fyrirtækið sendir inn formlega dagskrá námskeiðs/-a með dags- og tímasetningum og er hún hluti samnings. Tilkynna skal Landsmennt um breytingar á dagskrá.
6. Krafist er viðverulista námsmanna sem er vottaður af kennara/leiðbeinanda fyrirtækisins áður en styrkur er greiddur út.
7. Landsmennt áskilur sér rétt til úttektar/heimsóknna á meðan á námskeiði/-um stendur.
8. Ekki er greiddur kostnaður vegna leigu á sal (námskeiðsaðstöðu) né vegna veitinga.
9. Námsgögn eru styrkt með allt að kr. 350 pr. nemanda, enda fari heildarstyrkur ekki yfir hámark sbr. 3. lið. Eintak eða afrit af námsgögnum sendist Landsmennt með öðrum uppgjörsgögnum.
10. Að öðru leyti gilda sömu reglur og fyrir styrki Landsmenntar í annað starfsnám sem fyrirtæki halda (með utanaðkomandi fræðsluaðila) hvað varðar umsóknir o.fl.